



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 22. júní 2020



## **Annar fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, mánudaginn 22. júní 2020 kl. 11.30.**

Mættir voru: Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson og Jón Viðar Stefánsson

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Landsliðsmál karla og kvenna  
Dregið var í undankeppni EM hjá körlunum 16. Júní og erum við í riðli með Portúgal, Litháen og Ísrael. Leikið verður í byrjun nóvember við Litháen heima og Ísrael úti. Svo er það Portúgal í byrjun janúar vegna þátttöku þeirra í undankeppni ÓL í mars. Síðustu leikirnir eru svo við Litháen og Ísrael í apríl.  
Kvennalandslíðið er við æfingar sem stendur og gengur vel og einnig hafa verið boðaðar æfingar hjá B landsliði kvenna.  
Yngri landslið kvenna hafa æft vel í júní og fór u16 á Laugarvatn sem tókst vel til. Bæði u18 og u16 ára landslið kvenna fara til Færeyja um Verslunarmannahelgina.
3. Mótafyrirkomulag næsta árs  
Stjórn HSÍ samþykkti tillögu mótanefndar varðandi deildarskiptingu og mun mótanefnd raða niður mótunum handvirkt.
4. U20 ára landslið karla  
EHF auglýsti eftir mótshaldara fyrir u20 ára landslið karla í janúar eftir að Ítalía og Austurríki gáfu frá sér mótið. RG mun kynna sem nánar hvort þetta sé fjárhagslega framkvæmanlegt og kynna fyrir stjórn.
5. Önnur mál
  - a. Laganefnd mun vinna að lagfæringum varðandi reglur um auglýsingar veðmálafyrirtækja
  - b. Umræður voru um markaðssetningu handboltans, podcöst og heimasíður. Samtalið verður tekið áfram.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 12. ágúst kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari